



Mál: Klapparstígur 11 (fsp) fjölgun íbúða

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. október 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. september 2023 þar sem spurt er hvort leyfi fengist fyrir þegar gerðum breytingum sem felast í að fjölga eignum og breyta ósamþykktri íbúð 0202 í tvær minni íbúðir í íbúðarhúsi á lóð nr. 11 við Klapparstíg.

Um byggðina

Miðborgin er elsta og grónasta íbúðarsvæði borgarinnar. Skuggahverfið samanstendur af tvenns konar íbúðarbyggð, annars vegar nýlegum háhýsum og hins vegar lágreistum og fíngerðum húsum sem risu á síðari hluta 19. aldar fram til 1920. Húsið að Klapparstíg 11 er frá árinu 1908 og nýtur því aldursverndar. Allar breytingar á því eru háðar samþykki Minjastofnunar Íslands.



Lofmynd af Klapparstíg 11 og nágrenni.



Húsið að Klapparstíg 11.

Skipulagsleg staða

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er Klapparstígur 11 á skilgreindu svæði miðbragar, nánar til tekið M1c Blönduð miðborgarbyggð - íbúðarbyggð, í borgarhluta 2 Miðborg. Í gildi er deiliskipulag frá árinu 1986, Skúlagötusvæði.

Fyrirspurn: Spurt er um heimild fyrir fjölgun íbúða í húsinu.

Umsögn/niðurstaða

Engar skipulagslegar heimildir eru fyrir fjölgun íbúða á lóðinni Klapparstígur 11. Því er ekki fallist á erindið.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrafnhildur Sverrisdóttir
arkitekt FAÍ og verkefnastjóri.